

Umsókn um starfsleyfi

vegna aukningu á framleiðslu hjá Fiskeldið Haukamýragili upp í 450 tonn af bleikju og laxaseiðum

Til að sækja um starfsleyfi þarf að senda inn umsókn sbr. lýsingu í reglugerð nr. 785/1999, um hvað á að fylgja umsókn um starfsleyfi:

10.2 Umsóknnum skal fylgja eins og við á hverju sinni:

a. lýsing á tegund atvinnurekstrar, umfangi hans og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á og uppdrættir af staðsetningu,

Tilgangur framkvæmda sem nú eru fyrirhugaðar er að auka framleiðslugetu Fiskeldisins Haukamýragili ehf. úr tæpum 200 tonnum í 450 tonn. Sótt er um starfsleyfi til að framleiða 450 tonn af bleikju og laxaseiðum. Gert er ráð fyrir að framleiða að hámarki 300.000 laxaseiði. Framleiðslugetan verður aukinn í áföngum. Sjá fylgiskjal 1 og 4.

b. afrit af staðfestu deiliskipulagi,

Sjá fylgiskjal 1, viðauka 3.

c. lýsing á staðháttum við vinnslustað,

Kafla 2 í fylgiskjali 1

d. upptalning á hráefnum og hjálparefnum, öðrum efnum og þeirri orku sem er notuð eða framleidd,

Sjá kafla 5.3 í fylgiskjali 1

e. lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg, og greinargerð um áhrif losunar á umhverfið,

Sjá kafla 5 í fylgiskjali 1

f. lýsing á þeim mengunarrörnum sem valdar eru til að hindra eða draga úr losun,

Notuð verður tromlusía til að hreinsa frárennslisvatn, sjá einnig fylgiskjal 2. Sjá einnig fylgiskjal 3.

g. lýsing á áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun út í umhverfið,

Eftirlit verður háttáð eins og fram mun koma í starfsleyfi.

h. lýsing á tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið,

Unnið er að því að koma á grænu bókhaldi og innra eftirlit verður skv. kröfum í starfsleyfi.

Sjá einnig kafla 5.4. í fylgiskjali 1.

i. lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs ásamt upplýsingum og lýsingu á ráðstöfunum um endurnýtingu úrgangs, ef þörf er á,

Allur fiskúrgangur úr vinnslu fyrirtækisins og fiskur sem drepst í eldinu er seldur í loðdýrafóður eins og hefur verið hefur undanfarin ár.

Saur og fóðurleifar úr tromlusíu verður notaður sem áburður á gróðursnauðs svæði.

Sjá einnig kafla 5 í fylgiskjali 1.

j. Lýsing á tegund og magni úrgangs, þ.m.t. spilliefna,

Sjá kafla 5.3. í fylgiskjali 1.

k. Lýsing á öðrum ráðstöfunum sem gerðar verða, m.a. í samræmi við almenn skilyrði í 14. gr.

Á ekki við

10.3 Í umsókn samkvæmt 2. mgr. skal vera samantekt, sem er ekki á tæknimáli, um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Vísað er í fylgiskjal 1.

10.4 Heimilt er að leggja fram fyrirliggjandi gögn sem unnin voru til að uppfylla ákvæði laga og reglugerða um mat á umhverfisáhrifum, reglugerða um hættumat í iðnaðarstarfsemi eða annarra viðeigandi reglna.

Vísað er í fylgiskjal 1.

10.5 [Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja eftirfarandi:

a. Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, sbr. og ákvæði 3. gr. reglugerðar um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar. Um tryggingar fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar.

Fyrirtækið er með allar sýnar tryggingar hjá Sjóvá og verður unnið í því að bæta þessari tryggingu við.

b. Áætlun um viðbrögð vegna bráðamengunar, byggð á áhættumati sem tekur m.a. tillit til þátta sem fram koma í b-lið viðauka I með lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, sbr. og ákvæði reglugerðar um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda]4"

Sjá fylgiskjal 3

Fylgiskjal 1. Tilkynning um aukningu á framleiðslu hjá Fiskeldið Haukamýragili upp í 450 tonn af bleikju og laxaseiðum

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Lýsing á staðháttum	4
2.1 Staðsetning og athafnasvæði	4
2.2 Heitt og kalt vatn	7
2.3 Húsakostur og búnaður	7
2.4 Frárennsli	8
3. Eldið	9
3.1 Framleiðsla og birgðir	9
3.2 Stofnar	9
3.3 Nýting vatns og skipulag eldisins	9
3.4 Eldisferill	9
3.5 Slátrun og vinnsla	10
4. Fyrirhuguð stækkun	11
4.1 Byggingaframkvæmdir og skipulagsmál	11
4.2 Eldisáætlun	12
4.3 Fóður og fóðrun	12
5. Eldið og umhverfisáhrif	12
5.1 Frárennsli	12
5.2 Áhrif á náttúrulega laxfiskastofna	13
5.3 Losun úrgangs og hjálparefni	14
5.4 Fyrirbyggjandi aðgerðir og eftirlit	15
6. Heimildir	15
Viðauki 1. Starfsleyfi	16
Viðauki 2. Straumlíkan Verkfræðistofunnar Vatnaskil frá 1996, unnið fyrir Húsavíkurbæ.	17
Viðauki 3. Bréf frá skipulags- og byggingafulltrúa	18

1. Inngangur

Fiskeldið Haukamýragili ehf.

Fiskeldi í Haukamýragili hefur verið stundað allt frá árinu 1980 þegar Fiskeldi hf. hóf þar starfsemi. Fyrirtækið varð gjaldþrota um 1990 og eftir það sáu ýmsir aðilar um reksturinn m.a. Svarthamar hf. sem einnig var gjaldþrota. Í desember 1995 tók Jóhann Geirsson við rekstrinum, síðan hafa bæst við fleiri hluthafar og á árinu 2006 var Fiskeldið Haukamýragili ehf. stofnað. Á fyrstu árum fiskeldis í Haukamýragili var áhersla lögð á framleiðslu laxaseiða. Síðustu 15 ár hefur megináhersla verið lögð á bleikjueldi en laxaseiði aðeins framleidd einstöku ár. Mikil þekking og reynsla hefur skapast á undanförunum áratugum við reksturs fiskeldis í Haukamýragili. Einstaka starfsmenn og eigendur hafa tengst fiskeldisstarfsemi í Haukamýragili allt frá árinu 1980. Framleiðsla hjá Fiskeldinu Haukamýragili aukist mikið og á síðustu árum hefur framleiðslan verið tæp 200 tonn. Vinnsla á bleikju hófst 1999 í Haukamýragili og er nú u.þ.b. 80% af framleiðslunni flakað og sent fersk á markað erlendis.

Fiskeldið Haukamýragili ehf. er nú með starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Þar kemur fram að leyfið er veitt til allt að 200 tonna ársframleiðslu á bleikju og öðrum laxfiskum. Starfsleyfið var gefið út 1. október 2009 og gildir til 1. október 2020 (viðauki 1).

Tilgangur framkvæmda

Tilgangur framkvæmda sem nú eru fyrirhugaðar er að auka framleiðslugetu Fiskeldisins Haukamýragili ehf. úr tæpum 200 tonnum í 450 tonn. Sótt verður um leyfi til að framleiða 450 tonn af bleikju og laxaseiðum. Gert er ráð fyrir að framleiða að hámarki heimild 300.000 laxaseiði. Framleiðslugetan verður aukinn í áföngum. Á þessu ári er gert ráð fyrir að byggja 600 rúmmetra lengdarstraumskar og þegar það er komið í notkun er gert ráð fyrir að framleiðslan verði komin yfir 200 tonn. Á næstu árum verða byggð tvö hringlaga útikör vestan við efra eldihúsið, samtals um 500 rúmmetrar. Aðrar framkvæmdir miðast við að endurbæta þá aðstöðu sem fyrir er sem mun m.a. leiða af sér aukna framleiðslugetu.

Framkvæmdaaðili:

Fiskeldið Haukamýragili ehf.

Kt. 660706-1190

Haukamýragili

640 Húsavík

Tengiliður: Jóhann Geirsson, framkvæmdastjóri

Sími: 893-1221

Netfang: Johann.Geirsson@simnet.is

Ráðgjafi

Valdimar I. Gunnarsson, sjávarútvegsfræðingur
Sjávarútvegsþjónustan ehf.

Helgubraut 17

200 Kópavogur

Sími: 534 2269 og 6952269

Netfang: Valdimar@sjavarutvegur.is



Mynd 1.1. Fiskeldið Haukamýragili er staðsett í Haukamýragilinu sunnan við Húsavík.

2. Lýsing á staðhátum

2.1 Staðsetning og athafnasvæði

Fiskeldið Haukamýragili er staðsett sunnan við Húsavík og stendur í halla neðst í Haukamýragili (mynd 2.1 og 2.2). Húsavíkurbær á landið og Fiskeldið Haukamýragili hefur gert samning um afnota. Samningurinn er uppsegjanlegur með árs fyrirvara og í honum felst nýting á landi, köldu vatni ásamt volgu vatni frá Orkuveitu Húsavíkur.



Mynd 2.1. Yfirlitsmynd af vatnstökusvæði, athafnasvæði fyrirtækisins og frárennsli.



Mynd 2.2. Yfirlitsmynd af athafnasvæði fyrirtækisins.

2.2 Heitt og kalt vatn

Heitt vatn

Fiskeldið getur fengið allt að um 130 l/sek. af 18°C heitu vatni frá Orkuveitu Húsavíkur, Hrísmóum um lögn sem er 250 mm í þvermál og 800 metra löng. Notað er kælivatn frá veitunni sem kælt er niður í 10°C með að blanda við það köldu vatni. Fyrirtækið hefur einnig aðgang að hitaveituvatni sem er 75 °C sem til íblöndunar ef þess er þörf.

Kalt vatn

Allt vatn sem nýtt er í stöðinni er sjálfrennandi. Kalt vatn sem notað er í tveimur eldishúsum kemur úr svokallaðri efri lind og neðri lind. Hér er um að ræða 140 l/s af 3°C köldu vatni sem tekið er úr lokuðum brunnum (mynd 2.3). Vatnið úr efri lind er tekið um lögn sem er 280 mm í þvermál og um 1,4 km að lengd. Lögnin úr neðri lindinn er 600 metra löng og 250 mm í þvermál. Í gílinu rennur lækur um 100 l/s sem á upptök sín úr um 3°C heitum uppsprettum ofarlega í gílinu. Gerð hefur verið stífla og er vatnið tekið um 315 mm rör og nýtt í útikerum (mynd 2.4). Það vatn sem ekki er nýtt í efri stíflunni safnast saman í stíflu neðar og er nýtt í Damminum. Stíflan er um 200 metra fyrir ofan Dammin og vatnið er tekið um 225 mm lögn. Til ráðstöfunar á svæðinu eru um 200-240 l/s af köldu vatni (3-4°C) og um 130 l/s af 10°C heitu vatni, samtals um 330- 370 l/s.



Mynd 2.3. Lokaður brunnur í efri lindinni.



Mynd 2.4. Lækurinn sem rennur niður Haukamýragilið þar sem verið er að útbúa nýja stíflu.



Mynd 2.5. Á myndinni sést endinn á neðra eldishúsinu, Dammur og fjögur lítil hús þar sem loftun á vatni fer fram.

2.3 Húsakostur og búnaður

Húsakostur hjá Fiskeldinu Haukamýragili samanstendur af tveimur sambyggðum eldishúsum (mynd 2.2), bogahúsi (Dammur) sem byggt er yfir lengdarstraumskar og fjögur lítil hús þar sem loftun fer fram (mynd 2.5).

Efra eldishús

Efra eldishúsið var byggt árið 1980 og er 506 m² að flatarmáli. Í húsinu er inntak fyrir allt vatn, loftun og blöndun á vatni, kaffistofa, snyrting, verkstæði, geymsla og fódurgeymsla. Þar er einnig að finna klakhús en í því eru tveir rekkar fyrir hrogn, 70 bakkar og 5 hrognasílestrar. Þá eru þar 10 rennur fyrir frumfóðrun, 0,5 til 1,5 m³. Við hliðina á klakhúsinu eru 20 ker sem eru 2 x 2m, þau eru á tveimur hæðum (tafla 2.1). Í framhaldi af þeim eru 35 hringlaga ker sem eru 2,2m í þvermál. Í millihúsi

tenging á milli efra og neðrahúsu eru 8 ker sem eru 2 x 2 m.

Tafla 2.1. Yfirlit yfir úti- og innikör hjá Fiskeldinu Haukamýragili fyrir utan rennur sem notað eru í frumfóðrun og lengdarstraumskar í Damminum. Varðandi stærð kara þá er miðað við það vatnsborð sem notað er í þeim í dag.

Kör í efra eldishúsi			
Stærð (m)	Fjöldi	Rúmmál (m ³)	
		Ker	Heildar
2 x 2m	28	1,8 m ³	46 m ³
2,2	35	3,6 m ³	126 m ³
Samtals			172 m³

Kör í neðra eldishúsi			
Stærð (m)	Fjöldi	Rúmmál (m ³)	
		Ker	Heildar
3,15	26	8,0 m ³	208 m³

Útikör			
Stærð (m)	Fjöldi	Rúmmál (m ³)	
		Ker	Heildar
12	2	170 m ³	340 m ³
12	4	200 m ³	800 m ³
12	1	230 m ³	230 m ³
Samtals			1.370 m³

Neðra eldishúsið

Neðra eldishúsið ásamt millihúsi var byggt á árinu 1982. Millihúsið er um 100 m² að flatarmáli en neðra húsið er um 600 m² að flatarmáli en í því er milliloft sem er um 100 m² og er notað sem geymsluástaða. Á árinu 1999 var byggt inn í neðra húsinu um 50 m² aðstaða fyrir vinnslu (mynd 2.7). Lokið hefur verið við viðbyggingu til stækkunar á vinnslu og umbúðargeymslu sem er 85 m². Í neðra húsinu eru að auki 26 eldisker sem eru 3,15m í þvermál (tafla 2.1).

Útikör og Dammur

Samtals eru sjö útikör og eldisrými þeirra tæpir 1.400 m³ (tafla 2.1). Í Damminum er lengdastraumskar sem er 250 m³ (mynd 2.6). Heildarrúmmál útikara, í Damminum og í tveimur eldishúsum er um 2.000 m³.



Mynd 2.6. Myndin tekinn inn í Damminum.

Tækjabúnaður

Fiskeldið Haukamýragili er með tvær fiskidælur og getur dælt fiski allt upp að 400 g þyngd. Einnig er til staðar snigill sem flytur fisk upp að 800g þyngd. Fyrirtækið hefur einnig þrjár keflaflokkunarvélar sem eru notaði í eldishúsunum og svo ristarflokkara sem notaður er við flokkun á fiski í útikörum. Í eigu fyrirtækisins er einnig teljari með fjórum útgöngum. Í vinnslusal er kæli/frystir, ísvél, aðgerðarborð, flökunarborð og snyrtiborð (mynd 2.7).



Mynd 2.7. Yfirlit yfir vinnsluástöðu og hluta af búnaði.

2.4 Frárennsli

Frárennsli frá eldiskörum rennur um læk niður í fjöru (mynd 2.2 og 2.8). Lækurinn er u.þ.b. 50 metrar að lengd frá körum niður í fjöru og neðan við dammin blandast hann við læk sem rennur úr gilinu en stærð hans er mismunandi allt eftir hve mikið magn er nýtt í eldið og árstíðabundnum breytingum í rennsli. Lækurinn er minnst örfáir tugir l/s og verður stærri í leysingum.



Mynd 2.8. Lækur sem rennur frá stöðinni.

Í fjörunni fyrir neðan lækinn er mól og stórgryti til varnar landbroti. Fjaran er aðeins u.þ.b. 15 metrar frá kambi niður að stórstraumsfjöru. Neðan stórstraumsfjöru dýpkar mjög hratt.

3. Eldið

3.1 Framleiðsla og birgðir

Fiskeldið Haukamýragili framleiðir bæði laxa- og bleikjuseiði og stundar einnig matfiskframleiðslu á bleiku. Laxaseiðin hafa verið seld út stöðinni sem 2-100 g seiði. Bleikjuseiðin er nýtt í matfiskeldishluta fyrirtækisins og einnig í minna mæli seld.

Á undanförunum árum hefur umfang rekstursins aukist og framleiðslan farið úr um 70 tonnum árið 2003 upp í um 190 tonn árið 2008. En hér er bæði um að ræða matfisk og seiði sem seld er út stöðinni. Á undanförunum árum hafa birgðir af fiski stöðinni verið mest 90 tonn.

3.2 Stofnar

Bleikja

Í stöðinni er stofn sem upprunninn er úr Litluá. Hann var tekinn inn í stöðina um 1990 en ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um tímasetningu eða um fjölda fiska sem teknir voru til undaneldis. Það er þó talið líklegt að ekki hafi verið um marga fiska að ræða. Lengi voru sömu fiskarnir notaðir við hrognframleiðslu og eru því kynbótaframfarir ekki miklar. Talið er að í dag sé í eldi fjórða kynslóð af fiski.

Hjá Fiskeldinu Haukamýragili er einnig bleikja sem upprunninn er úr kynbótaverkefni Hólaskóla og eru keypt inn hrogn í stöðina. Á

þessum stofni hafa verið gerðar markvissar kynbætur á Hólum í um 20 ár.

Lax

Tekinn eru inn í stöðina hrogn í eigu annarra framleiðenda. Um hefur verið að ræða svokallaður ISNO stofn og Saga stofn frá Stofnfiski en báðir eru upprunnir frá Noregi. Laxinn var fluttur inn til landsins að mest um miðjan níunda áratuginn og Stofnfiskur hefur síðan verið með markvissar kynbætur á Saga stofninum í um 20 ár.

3.3 Nýting vatns og skipulag eldisins

Loftun og blöndun á vatni

Kalt vatn úr efri og neðri lind, volgt (18°C) frá Orkuveitu Húsavíkur er blandað og loftað í efra eldishúsinu. Þar er einnig hitaveitulögn og er hægt að hita upp vatnið með hitaveituvatni ef þörf er á því. Vatnið er loftað með hólklöfturum og er það bæði sjálfrennandi að lofturum og frá þeim. Það er síðan notað í öllum innikörum og tveimur útikörum fyrir vestan eldisstöðina (mynd 3.1).

Vatnið sem kemur úr efra og neðra eldishúsinu og úr tveimur útikörum er loftað í fjórum loftarahúsum (mynd 3.1). Þessir loftarar eru útbúnir úr fiskikössum úr plast sem hafa verið gataðir í botninn. Kössunum er staflað ofan á hvern annan og vatnið rennur um göt úr einu kassa niður í þann næsta. Í þessum lofturum næst að súrefnismetna vatnið upp í um 90% og er virkni þeirra því minni en í hólklöfturum. Loftun á vatni á sér einnig stað í útikörum með þeytilöfturum.

Endurnot á vatni

Allt vatn frá eldishúsum er endurnýtt í fjórum útikörum fyrir neðan neðra eldishús sem hvert er um 200 m³ að stærð og einnig í einu 230 m³ kari vestan við Dammin (mynd 3.1). Hluti af þessu vatni er síðan nýttur í þriðja sinn í Damminum. Við endurnot er engin hreinsun á vatninu.

3.4 Eldisferill

Bleikja

Klakkfiskur sem er á vegum fyrirtækisins er geymdur í neðra húsinu. Klakkfiskur er kreistur einu sinni á ári og hrognin geymd í klakbökkum í efra húsi. Einnig eru keypt inn hrogn frá Hólaskóla og Stofnfiski. Eingöngu eru tekinn sóttthreinsuð hrogn til að draga úr líkum á að sjúkdómar berist utan að inn í stöðina.


Í efra húsinu er fiskurinn frumfóðraður og þegar hann hefur náð 15-30 g þyngd er hann fluttur í neðra hús. Í útikör er fiskurinn fluttur þegar hann hefur náð um 80-100g þyngd. Bleikjuseiði eru seld út úr stöðinni yfirleitt þegar þau eru um 3-5 g að þyngd. Bleikjan er flokkuð 2-3 sinnum í útikörum og flutt niður á við og að lokum slátrað í Damminum. Bleikjunni er slátrað þegar hún nær 550-800 g þyngd og tekur eldið um 18 mánuði frá frumfóðrun.

Lax


Eingöngu eru tekin sóttthreinsuð laxahrogn inn í stöðina, yfirleitt í lok ársins. Frumfóðrun hefst í byrjun ársins og fer hún fram í efra húsinu. Um vorið þegar seiðin ná um 60 g þyngd eru þau sett í útikör. Seiðin eru í fyrsta lagi seld sem nokkur grömm að þyngd um vorið en lengst eru þau alinn fram á næsta ár og seld sem gönguseiði allt upp 100 g að þyngd.

3.5 Slátrun og vinnsla

Slátrun og vinnsla á bleikju er minnst fjóra daga í viku hverri. Allur fiskur til slátrunar er tekinn úr niðri enda Dammsins. Þar er fiskurinn blóðgaður beint í kar með krafa. Fiskurinn er síðan fluttur í neðra húsið þar sem vinnslan fer fram. Þar er fiskurinn slægður, hluti af honum pakkað heilum í frauðplastkassa. Megnið fer þó í handflökun, snyrtingu og pakkað í frauðplastkassa fyrir flug.



Mynd 3.1. Yfirlit yfir skipulag stöðvarinnar og vatnskerfi á árinu 2009. Gulir kassar tákna loftunahús.



Mynd 4.1. Yfirlit yfir skipulag stöðvarinnar og vatnskerfi eftir að fyrirhuguðum framkvæmdum á þessu ári líkur. Gulir kassar tákna loftunarhús.

4. Fyrirhuguð stækkun

4.1 Byggingaframkvæmdir og skipulagsmál

Unnið hefur verið að því að leiða kalt vatn úr gili í hringlaga útikör neðan við eldishús og er þeirri framkvæmd að mestu lokið (mynd 4.1). Fyrirhugað er að byggja um 600 m³ lengdarstraumskar með loftunarhúsi í innrennsli, en í endanum verður setpró og loftun. Samtímis verða fjarlægð tvö eldri loftunarhúsanna. Í framhaldi af því verða byggð tvö hringlaga útikör vestan við efra eldihúsið. Aðrar framkvæmdir miðast við að endurbæta þá aðstöðu sem er til staðar. Bæði Dammur og neðsta hringlaga karið við það að verða ónýtt og er gert ráð fyrir að þau verði tekin úr notkun fljótlega. Í staðinn er stefnt að því að byggja annað lengdarstraumskar á því svæði sem Dammurinn er í dag. Allar framkvæmdir eru innan athafnasvæðis Fiskeldis Haukamýragili eins og það hefur verið undanfarna þrjú áratugi.

Skv. upplýsingum frá Gauki Hjartarsyni, skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyinga er fiskeldið á Haukamýri í samræmi við gildandi aðalskipulag og þau drög sem fyrir liggja að nýju aðalskipulagi

Norðrþings. Í gildandi aðalskipulagi Húsavíkurbæjar 2005-2025 er gert ráð fyrir áframhaldandi fiskeldi, en þar segir í kafla 4.5.2 bls 44 um iðnaðarsvæði á Haukamýri:

„Skipulögð iðnaðarsvæði sunnan Þorvaldsstaðaár og vestan Þjóðvegjar eru u.þ.b. 16,5 ha að stærð og fjarlægð frá „miðpunkti“ bæjarins um 1,2-2,0 km. Nyrst á svæðinu eru núna sláturhús og kjötvinnsla “Norðlenska“ og minni matvælaíðnaður. Á svæðinu sunnan þess, á Haukamýri, eru bílaverkstæði og bifreiðaskoðun, minni iðnaður og aðstaða Vegagerðarinnar. Syðst á svæðinu er fiskeldisstöð. Svæðið á Haukamýri er aðeins nýtt lítið eins og er og sennilega gæti stór hluti iðnaðarstarfsemi í bænum rúmast þar til langs tíma (stóriðja ekki meðtalin). Á norðurhluta svæðisins (næst sláturhúsi) er gert ráð fyrir þrífalegri starfsemi. Á suðurhluta svæðisins (Haukamýri) er gert ráð fyrir iðnaði o.fl. sem er ekki beint háður hafnaraðstöðu, svæðisfrekri starfsemi s.s. athafna og vélageymslusvæði. Syðst á svæðinu er áfram gert ráð fyrir fiskeldisstöð.“

Í drögum að nýju aðalskipulagi Norðrþings sem nú er á leið í kynningarferli er gert ráð fyrir

áframhaldandi fiskeldi á svæðinu en þar segir í kafla um iðnaðarsvæði A7:

„*Haukamýri II: Bleikjueldi í fiskeldisstöð sem nýtir m.a. vatn frá Orkuveitu Húsavíkur. Gert er ráð fyrir áframhaldandi fiskeldi. Vanda skal umgengni og frágang á svæðinu.*“

Í bréfi frá skipulags- og byggingarfulltrúa kemur fram að ekki sé til deiliskipulag fyrir Haukamýrasvæðið (viðauki 3). Svæðið er hins vegar skilgreint sem iðnaðarsvæði ætlað til fiskeldis á gildandi aðalskipulagi og eru ekki skilgreind stærðarmörk á magn framleiðslu. Jafnframt kemur fram að sveitafélagið stendur heilshugar á bak við rekstur núverandi fiskeldis og styður áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu (viðauki 3).

4.2 Eldisáætlun

Uppruni eldisstofns

Í framtíðinni er bæði gert ráð fyrir að nota bleikju sem hefur verið í eldi hjá Fiskeldinu Haukamýragili í rúm 20 ár og einnig kynbætta eldisstofna frá Hólskóla og Stofnfiski eins og undanfarin ár (kafla 3.2). Sá lax sem verður í eldi í stöðinni er eingöngu af eldisuppruna.

Eldisferill á bleikju

Bæði verður klakfiskur í stöðinni kreistur og einnig verða keypt inn hrogn. Gert er ráð fyrir að eldisferill verði eins og undanfarin ár (kafla 3.4). Megnið af lífmassanum í stöðinni mun vera bleikja.

Eldisferill á laxaseiðum

Framleiðslan á laxaseiðum miðast við að kaupa inn í stöðina hrogn, þau klakin og framleidd laxaseiði allt upp í gönguseiðastærð. Samskonar eldisferill verður á laxaseiðum eins og undanfarin ár (kafla 3.4).

Birgðir

Birgðir af bleikju og laxaseiðum á hverjum tíma munu aldrei fara yfir 200 tonn. Fjöldi fiska í eldi verður mjög breytilegur á milli ára og fer það eftir umfangi við framleiðslu laxa- og bleikjuseiða sem ákvarðast af eftirspurn á hverjum tíma. Jafnframt fer fjöldi fiska mikið eftir sláturstærð á bleiku. Í dag er sláturþyngd 550-800 g sem getur breyst allt eftir eftirspurn á markaði.

4.3 Fóður og fóðrun

Fóður

Gert er ráð fyrir að notað verði hefðbundið bleikju- og laxafóður á næstu árum eins og á undanförunum árum. Fóðrið hefur verið keypt af innlendum fóðurframleiðendum, þ.e.a.s. Fóðurverksmiðjunni Laxá og Fóðurblöndunni. Hér er um að ræða svipað fóður og erlendis og varðandi efni sem hugsanlega geta valdið umhverfisáhrifum er vísað í kafla 5.1.

Fóðrun

Í innikörum eru notaðir fóðraðar við fóðrun á fiskinum ásamt lítilsháttar handfóðrun. Í útikörum er verið að gera breytingar. Unnið er að því að koma upp miðlægu fóðurkerfi með plastlögnum í öll kör. Með þessu fóðurkerfi verður hægt að stjórna og hafa nákvæmt eftirlit með fóðrun í hvert kar.

5. Eldið og umhverfisáhrif

5.1 Frárennsli

Efnainnihald fóðurs

Efnainnihald fóðurs er svipað hjá fóðurframleiðendum en það er hinsvegar breytilegt eftir fiskstærð. Til viðmiðunar eru hafðar forsendur yfirlitsgrein sem fjallar um úrgangsefni í frárennsli landeldisstöðva með eldi á regnbogasilungi (Sindilariu 2007; Cripps og Bergheim 2000). Við mat á útskilnaði af lífrænum næringarefnum er áætlað að það þurfi 1,15 af fóðri til að framleiða hvert kíló af bleikju og að 3% af öllu fóðri sé ótíð og sé því hreinar fóðurleifar. Hér er miðað við að saur sé 22% af því þurrefni sem fóðrað er. Áætlað er að fyrir hvert kíló af fóðri verði útlosun 33 g af köfnunarefni og 7,5 g af fosfór. Miðað við 400 tonna framleiðslu má gera ráð fyrir að saur sé um 100 tonn og fóðurleifar um 14 tonn, en hér er miðað við þurrefnisinnihald. Köfnunarefni er um 15 tonn og fosfór rúm 3 tonn í uppleystu formi og bundið við úrgang (tafla 5.1).

Tafla 5.1. Fóðurnotkun og úrgangsefni í tonnum við framleiðslu á 300, 400 og 500 tonnum af bleikju. Sjá nánari skýringar og forsendur í texta.

Framleiðsla (tonn)	Fóðurnotkun (tonn)	Saur (tonn)	Fóðurleifar (tonn)	Köfnunarefni (tonn)	Fosfór (tonn)
300	345	76	10,3	11,4	2,6
400	460	101	13,8	15,2	3,4
500	575	126	17,3	19,0	4,3

Úrgangsefni í frárennsli

Í frárennsli m.v. 400 l/s er fóður og saur um 10 mg/l (tafla 5.2) sem er í hærri kantinum miðað við sambærilegar stöðvar erlendis (Sindilariu 2007). Fóðurnotkun á hvern lítra/s á ári er um 1150 kg. Í frárennsli er köfnunarefni um 1,2 mg/l og fosfór um 0,27 mg/l sem er svipaðar niðurstöður og öðrum mælingum og útreikningum (Sindilariu 2007).

Tafla 5.2. Úrgangsefni í frárennsli miðað við mismunandi vatnsrennsli. Sjá forsendur í töflu 5.1 og miðað er við 400 tonna framleiðslu.

Vatnsrennsli (l/s)	Saur og fóðurleifar (mg/l)	Köfnunarefni (mg/l)	Fosfór (mg/l)
300	12,13	1,61	0,36
400	9,10	1,20	0,27
500	7,28	0,96	0,22


Síður viðkvæmt svæði

Í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp eru viðtakar skilgreindir viðkvæmir eða síður viðkvæm svæði. Í Skýrslu Umhverfisstofnunar „Staða mála hvað varðar hreinsun skólps á Íslandi. Skýrsla Umhverfisstofnunar sbr 28. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp“ kemur fram: „Í skýrslu fráveitunefndar umhverfisráðuneytisins (febrúar 2003) kemur fram að við undirbúning þess að taka tilskipun Evrópusambandsins upp í EES-samninginn var ákveðið að líta svo á að Ísland væri í heild skilgreint á þann veg að það væri stöð á síður viðkvæmu hafsvæði (less sensitive area)“ (Umhverfisstofnun 2003). Skjálfaflói er opinn fjörð og straumar sterkir og svæðið flokkast því sem síður viðkvæmur viðtaki (viðauki 3). Í Evrópu hafa regnbogasilungsstöðvar almennt frárennsli í ferskvatn sem flokkast sem viðkvæm svæði og því eðlilegt að meiri kröfur séu gerðar um magn úrgangsefna í frárennsli.

Rannsóknir við Húsavíkurhöfn

Mælingar Hafrannsóknastofnunnar á straumi við Húsavíkurhöfn sýna að hann var að jafnað 2-7 cm/s frá 23. apríl til maíloka (mynd 5.2). Skv.

straumlíkani Verkfræðistofunnar Vatnaskils frá 1996 sem unnin var fyrir Húsavíkurbæ er sterkur straumur meðfram landi (viðauki 2) þar sem Fiskeldið Haukamýragili er staðsett. Rannsóknir nokkra tugi metra frá útrás skolplagna hjá Húsavíkurbæ sýna að þynningarhrif eru þar meira en þúsundföld (Snorri Páll Kjartan og Sigurður Lárus Hólm 1996).



Mynd 4.2. Straummælingar Hafrannsóknastofnunnar og reiknaður straumhraði Vatnaskils á stöð 1 á 14 metra dýpi rétt notað við Húsavíkurhöfn. Straummæling gerð frá 23 apríl til maíloka 1996 á 6 metra dýpi (Snorri Páll Kjartan og Sigurður Lárus Hólm 1996).

Hugsanleg umhverfisáhrif

Frárennsli frá Fiskeldinu Haukamýri fer beint út í sjó fyrir opnu hafi. Til að verja landið fyrir álagi alda sem koma beint af hafi inn í fjörðinn hefur þurft að byggja varnargarð þar sem frárennsli fiskeldisstöðvarinnar er staðsett. Sýnileg áhrif frárennslis frá stöðinni geta hugsanlega komið fram efst í fjörinni í lækjarfarverginum. Hér kann hugsanlega að safnast upp tímabundið lífrænn úrgangur frá stöðinni sem hreinsast upp í næsta brimi.

Skjálfaflói er stór, djúpur og opinn. Frárennsli frá stöðinni blandast fljótt og best með straumum norður með Tjörnesi. Hugsanlega botnfellur hluti af stærri saur- og fóðurleifum rétt fyrir utan stöðina. Tekið tillit til þess að stöðin er fyrir opnu hafi og úthafsöldur mun róta upp og dreifa saur-, fóðurleifum og öðru náttúrulegu botnfalli eru líkur á umtalsverðum umhverfisáhrifum taldar hverfandi.

5.2 Áhrif á náttúrulega laxfiskastofna

Veidiár í næsta nágrenni

Þær laxveiðiár sem eru í næsta nágrenni við Fiskeldið Haukamýragili er Laxá í Aðaldal og

Skjálfafljót. Meðal laxveiði í Laxá í Aðaldal árin 1974-2008 var 1597 laxar (624-3063 laxar) og í Skjálfafljóti 424 laxar (67-932 laxar). Meðal veiði af urriða fyrir sama tímabil var 1132 í Laxá í Aðaldal og 95 í Skjálfafljóti. Í Laxá í Aðaldal var meðal veiði 67 bleikjur og 35 bleikjur í Skjálfafljóti (Guðni Guðbergsson 2009). Laxá í Aðaldal er í um 5 km fjarlægð frá Fiskeldinu Haukamýragili en mun lengra er í Skjálfafljót. Í læk sem rennur niður Haukamýragilið og Þorvaldsá sem rennur í gegnum Húsavíkurbæ eru engir villtir laxa- eða silungsstofnar.

Sjúkdómar

Fiskeldið Haukamýragili nýtir eingöngu lindarvatn og líkur á að smit berist inn í stöðina eru því mun minni en í þeim tilvikum sem notað er yfirborðsvatn. Engir bakteríusjúkdómar hafa fundist í fiski í stöðinni en aftur á móti hefur þurft reglubundið að baða fiskinn fyrir sníkjudýrum (kostú).

Afdrif laxaseiða sem hugsanlega sleppa úr stöðinni

Sá fiskur sem hugsanlega getur sloppið út úr stöðinni fer beint í fullsaltan sjó. Í þeim tilvikum sem um er að ræða lítil seiði sem ekki hafa náð fullum sjóþroska (þola seltu í fullsöltum sjó) eru miklar líkur á að þau drepist fljótlega eftir að þau koma í sjóinn. Framleiðsla laxaseiða hefur ekki verið mikil eða samfelld í stöðinni á síðustu árum og er eiginlega um „aukabúgrein“ að ræða. Í flestum tilfellum hafa seiðin verið flutt úr stöðinni áður en þau hafa náð sjóþroska. Ef mikið magn af laxaseiðum sem hafa náð sjóþroska slyppu út úr stöðinni um vorið myndu þau að öllum líkindum leit strax á haf út. Í rannsóknir á laxaseiðum (13-36 cm) sem sleppt var frá hafbeitarstöð í Hraunfirði kom fram að seiðin syntu að meðaltali 1,6 km/klst. að mestu í sjávaryfirborði (< 3 m) og voru komin út úr Breiðafirði á opið haf á innan við 2-3 sólahringum. Minnihluti seiðanna sem synti ekki strax út voru snemmkynþroska hængseiði (Jóhannes Sturlaugsson & Konráð Þórisson 1995).

Þau seiði sem lifa af sjávardvölinu leitar fyrst á sleppistað og síðan í nærliggjandi ár (sjá Valdimar Ingi Gunnarsson 2002; Hansen 2006). Reynslan af hafbeitarleppingum á Norðurlandi sýna að aðeins örfá prósent laxa skila sér til baka. Gera má ráð fyrir enn lægra hlutfalli þegar um er að ræða lax af eldisuppruna (sjá Valdimar Ingi Gunnarsson 2002).

Afdrif bleikju sem hugsanlega sleppa úr stöðinni

Ef smá bleikjuseiði sleppa úr stöðinni mun þau væntanlega drepast fljótt sérstaklega á veturna þegar sjávarhitastig er lágt. Aftur á móti hefur stærri bleikja meiri möguleika á að lifa í fullsöltum sjó sérstaklega á sumrin. Seltuþol bleikju er árstíðabundið og gengur sjóbleikja til sjávar um vorið og aftur upp í ferskvatn þegar seltuþolið minnkar seinni hluta sumars. Dvalartími bleikju í sjó er aðeins 1-2 mánuðir og er heldur lengra hjá stærri fiski (sjá Valdimar Ingi Gunnarsson 2006). Það er því ekki náttúrulegt fyrir bleikju að vera í sjó nema um stuttan tíma um sumarið. Mestar líkur eru á að bleikju sem sleppur í sjó um sumarið geti skilað sér upp í nærliggjandi ár. Seltuþol bleikju er einnig háð sjávarhita og á bleikja í örðuleikum með að lifa í köldum sjó á veturna og miklar líkur á að hún drepist áður en hún nær að komast upp í nærliggjandi ár. Bleikjuveiði er mjög lítil bæði Laxá í Aðaldal og Skjálfafljóti og öðrum minni ám í nágrenninu og hagsmunir því mun minni en fyrir lax.

Fiskeldisstarfsemi í nágrenninu

Eina fiskeldisstöðin sem er í nágrenni við Fiskeldið Haukamýragili er Norðurlax sem hefur starfsemi á Laxamýri við bakka Laxá í Aðaldal og einnig í Klakstöðinni á Húsavík. Hjá Norðurlaxi er framleiddur regnbogasilungur upp í matfiskstæð. Einnig eru framleidd laxaseiði. Safnað er undaneldislaxi úr laxveiðiám til sleppingar í viðkomandi ár.

5.3 Losun úrgangs og hjálparefni

Úrgangur frá vinnslu og eldi

Innyfli úr bleikju eru að jafnaði um 12% af þyngd fisksins og árlega gæti því fallið til um 40 tonn af fersku slógi. Til viðbótar er haus og dálkar þegar fiskurinn er flakaður. Flakanýting á slægðri bleikju má áætla rúm 60% og er því dákur og haus um 165 tonn ef allur fiskurinn fer í flökun (410 tonn slægðri bleikja x 40% í úrgang). Allur úrgangur úr vinnslunni og fiskur sem drepst í eldinu (tekinn daglega upp úr körum) er seldur fóðurgerð loðdýraframleiðanda á Austfjörðum.

Skolp frá stöðinni fer í rotþró sem tæmd er reglulega.

Hjálparefni

Þau efni sem eru notuð í stöðinni er formalín til böðuna á seiðum til varnar sníkjudýrum, sápur og

sóthreinsiefni. Notkun hjálparefna er tiltölulega lítil og þau eru aldrei notuð nema í hluta eldisstöðvarinnar í hvert skipti. Hjálparefni berast því út um frárennsli eldiseininga og blandast fljótt við annað vatn og þynningaráhrifa gætir fljótt fyrst í læknum og síðan enn meir í sjónum. Uppsöfnun í viðtaka getur því aldrei orðið mikil.

5.4 Fyrirbyggjandi aðgerðir og eftirlit

Slyssleppingar og fyrirbyggjandi aðgerðir

Útbúin verður gildra í frárennsli til að taka á móti fiski sem hugsanlega sleppur úr eldiskörum. Í reglugerð 1011/2003 um búnað og innra eftirlit í fiskeldisstöðvum kemur fram: „*I landeldis- og seiðaeldisstöðvum skal hindra slyssleppingar með því að koma fyrir búnaði í frárennsli sem tryggir að fiskur sleppi ekki út úr eldisstöð. Í rekstrarleyfi eldisstöðvar skal vera skilgreining á búnaði til að fanga fisk sem sleppur úr eldiseiningu og um viðhald og eftirlit með búnaðinum*“. Þessi búnaður er ekki til staðar í dag en stefnt verður að því að koma honum fyrir í lok ársins og verður haft samráð við Fiskistofu um hönnun, frágang og eftirlit. Að öðru leiti verður eftirlit með slyssleppingum eins og farið verður fram á í rekstrarleyfi. Ef fiskur sleppur úr stöðinni verðum veidum háttað skv. leiðbeiningum frá Fiskistofu.

Hreinsun á frárennsli

Hér er ekki gert ráð fyrir að frárennsli verði hreinsað a.m.k. ekki fyrst í stað á meðan umhverfisáhrif eru innan leyfilegra marka. Með auknum kröfum um hreinsun á frárennsli fiskeldisstöðva er sá möguleiki fyrir hendi að fjarlægja set (saur og fódurleifar) úr setþró í enda á nýju lengdastraumskari. Ýmsar leiðir eru til að hreinsa vatnið úr setþrónni eða frárennslið í heild sinni s.s. með tromlusíum eða öðrum búnaði. Mikil reynsla er á hreinsun á frárennslisvatni í regnbogasilungselði í Evrópu sem hægt er að nýta og yfirfæra á íslenskar aðstæður eftir þörfum (Sindilariu 2007; www.aquaetreat.org).

Grænt bókhald og eftirlit með frárennsli

Samið hefur verið við dýralæknir (Lífsgleði ehf.) um að byggja upp, viðhald og verða til ráðgjafar um byggja upp grænt bókhald. Stefnt er að því að lokið verði við að gera grænt bókhald fyrir Fiskeldið Haukamýragili fyrir árslok.

Mælingar og eftirlit með mengandi efnun verða framkvæmdar eins og skilgreint verður í starfsleyfi.

Eins og undanfarin ár verður fylgst mjög vel með því hvort yfirfóðrun eigi sér stað. Ef það gerist kemur það strax fram í uppsöfnun fódurleifa í frárennsli stöðvarinnar.

6. Heimildir

Cripps, S.J. & Bergheim, A. 2000. Review: Solids management and removal for intensive land-based aquaculture production systems. *Aquaculture Engineering* 22:33-66.

Guðni Guðbergsson 2009. Lax og silungsveiði 2008. Veiðimálastofnun. VMST/09035. 37 bls.

Hansen, L.P. 2006. Vasndring og spredning af rømt oppdrettslaks. *NINA Rapport* 162. 21 s.

Jóhannes Sturlaugsson & Konráð Þórisson 1995. Postsmolt of ranched Atlantic salmon (*Salmo salar*) in Iceland: II. The first days of the sea migration. ICES. C.M. 1995/M:15.17 p.

Sindilariu, P.D. 2007. Reduction in effluent nutrient loads from flow-through facilities for trout production: a review. *Aquaculture Research* 38: 1005-1036.

Snorri Páll Kjartan og Sigurður Lárus Hólm 1996. Sjávarstraumar í Skjálfaflóa og dreifing mengunar frá fyrirhuguðum útrásum Húsavíkurbæjar. Unnið fyrir Húsavíkurbæ. Verkfræðistofan Vatnaskil.

Umhverfisstofnun 2003. Staða mála hvað varðar hreinsun skólps á Íslandi. Skýrsla Umhverfisstofnunar sbr. 28. gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp. Skýrslur nív. UST 03/20. 14 bls.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2002. Hugsanleg áhrif eldislaxa á villta laxastofna. Embætti veiðimálastjóra. 67 bls.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2006. Staða bleikjueldis á Íslandi, samkeppnishæfni og stefnumótun rannsókna og þróunarstarfs. *Sjávarútvegurinn - Vefrit um sjávarútvegsmál* 6(2):1-62.

Viðauki 1. Starfsleyfi



HEILBRIGÐISEFTIRLIT NORÐURLANDS EYSTRÁ

Kt. 470199-2029 · Akureyrardeild · Furuvellir 1 · 600 Akureyri · Sími: 462 4431 · Fax: 461 2396 · Netfang: hne@hne.is
Húsavíkudeild · Garðarsbraut 19, 640 Húsavík · Símar: 464 2690 og 898 6340 · Fax: 464 1395 · Netfang: oggi@hne.is

STARFSLEYFI

Fiskeldið Haukamýri
Haukamýrargili
Húsavík
Kt. 660706-1190

Leyfið er gefið út í samræmi við ákvæði laga nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Leyfið er veitt samkvæmt fylgisskjali 2, gr. 6, mg. 6.9 fyrir fiskeldisstöðvar og 6.10 fyrir seiðaclisstöðvar, til allt að 200 tonna ársframleiðslu á bleikju og öðrum laxfiskum, samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr 785/1999.

Starfsleyfisskilyrðin koma fram í meðfylgjandi samræmdum starfskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.

Leyfið gildir til 1. október 2020

Samráð ber að hafa við heilbrigðiseftirlitið um mengunarvarnir ef breytingar verða á fyrirkomulagi starfseminnar. Fyrirtækinu ber að sjá til þess að lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr 7/1998 sé framfylgt í hvívetna á athafnasvæði sínu.


Við flutning fellur starfsleyfið úr gildi.

Fara skal eftir meðfylgjandi starfskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra um mengunarvarnir fyrir fiskeldi og aðra sambærilega starfsemi. Reglurnar er hægt að endurskoða ef ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra, eða vart verður við skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma kröfur, ráð eða tækni er leiða til bættra mengunarvarna.

Húsavík, 1. október 2008

Þorkell Björnsson
heilbrigðisfulltrúi

Viðauki 2. Straumlíkan Verkfræðistofunnar Vatnaskil frá 1996, unnið fyrir Húsavíkurbæ.
Reiknuð hraðadreifing nærri Húsavík á aðfalli í logni.



Viðauki 3. Bréf frá skipulags- og byggingarfulltrúa



NORÐURÞING

KETILSBRAUT 7-9 • 640 HÚSAVÍK

Húsavík 8/4/10

Sjávarútvegsþjónustan
B.L. Valdímars Inga Gunnarssonar
Helgabraut 17
200 Kópavogi

Efni: Staða skipulagsmála við fiskeldi í Haukamýri

Vegna fyrirspurnar þinnar um stöðu skipulagsmála við fiskeldið í Haukamýri. Ekki er til deiliskipulag fyrir Haukamýrarsvæðið. Svæðið var fyrst og fremst byggt upp á áttunda og niunda áratug síðustu aldar og virðist sveitarfélagið ekki hafa talið þörf á deiliskipulagi vegna uppbyggingarinnar, enda minni kröfur gerðar á deiliskipulag á þeim tíma.

Svæðið umhverfis fiskeldið er hinsvegar skilgreint sem iðnaðarsvæði ætlað til fiskeldis á gildandi aðalskipulagi. Það er einnig þannig í þeirri tillögu að aðalskipulagi sem nú er að fara í kynningarferli. Í hvorugu þessara skipulaga eru skilgreind stærðarmörk á magni framleiðslu, en ljóst að afmarkað svæði til fiskeldis rúmar allnokkra aukningu í framleiðslu. Það er því skýrt að sveitarfélagið stendur heilshugar á bakvið rekstur núverandi fiskeldis og styður jafnframt áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu. Sérstaklega mun sveitarfélagið fagna allri fjölgun starfa við fiskeldi innan löðarinnar.

Hvað varðar sjóinn framundan fiskeldinu sem viðtaka fráveitu hef ég eftirfarandi að segja. Á síðasta áratug síðustu aldar var unnið tölvulíkan til að reikna út sjávarstrauma í Skjálfanda vegna hönnunar skólpútrása við Húsavík. Líkan þetta var stillt af miðað við straummælingar við Húsavíkurhöfn. Niðurstaða líkansins er skýr, sterkir og eindregnir sjávarstraumar liggja með ströndinni frá vestri til austurs og þar með út með vesturströnd Tjörness. Niðurstaðan kemur auðvitað ekki á óvart enda þekkja sjófarendur þessa strauma vel. Í kjölfar þessara rannsókna var óskað staðfestingar Hollustuverndar á því mati sveitarfélagsins að sjórinni við Húsavík teldist „síður viðkvæmur“ með bréfi dagsöttu 17. maí 1994. Þáverandi bæjartæknifræðingur Húsavíkurkaupstaðar telur að Hollustuvernd hafi samþykkt flokkunina með formlegum hætti, en bréf þar að lútandi finnst ekki í okkar gögnum. Ég hef því óskað eftir því að leitað verði afrits svarbréfs á Umhverfisstofnun en ekki fengið svar þaðan enn. Ég get því ekki staðfest samþykki Hollustuverndar/Umhverfisstofnunar á flokkun viðtaka á þessu stigi þó ég telji að hún liggji fyrir.

Virðingarfyllt,

Byggingarfulltrúi

Gaumur Hjartarson

Gaumur Hjartarson

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Fylgiskjal 2. Bréf frá Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Húsavík, 1. ágúst 2011

Efni: Varðar fráveitu frá Fiskeldinu Haukamýragili ehf. á Húsavík

Fiskeldið í Haukamýri ehf. hefur sótt um leyfi til Umhverfisstofnunar um að auka framleiðslu fyrirtækisins á bleikju- og laxaseiðum úr tæpum 200 tonnum í 450 tonn á ári. Starfsleyfi fyrirtækisins, allt að 200 tonna ársframleiðslu, er nú hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Við fyrirhugaða breytingu flyst starfsleyfisgerðin til Umhverfisstofnunar.

Frárennsli frá eldisstöðinni fer óhreinsað til sjávar. Það fellur í lítinn læk og rennur um 70 metra niður fyrir bakka og þaðan í fjöruborðið. Þegar lækurinn kemur niður í fjöruna, sem er grýtt, hefur hann breitt nokkuð úr sér um 30 m. Þarna gætir mjög sjávarfalla og sjórinn gengur alveg upp að bakkanum þegar hann fer hæst. Má því segja að sjórinn skoli hinn grýtta farveg nokkuð vel og uppsöfnun á lífrænum úrgangi er sáralítill, tímabundinn efst í fjörinni. Ekki er heldur hægt að merkja útfellingar eða þekjur rotvera í þeim 70 metra farvegi lækjarins sem frárennslið rennur um.

Þau áform Fiskeldis í Haukamýragili ehf um að auka framleiðslu sína um meira en helming er líkleg til að gerbreyta stöðu mála og uppsöfnun lífrænna efna mun að líkindum gæta bæði í lækjarfarveginum og eins í fjöruborðinu.

HNE telur að í væntanlegum starfsleyfisskilyrðum Umhverfisstofnunar skuli koma fram að fyrirtækinu verði gert að hreinsa frárennslið með tromlusíun, eða á annan sambærilegan hátt. Jafnframt því að sú leið sem frárennslið fellur í lækinn skuli stytta sem allra mest. Það verði gert með því að lengja frárennislögnina eins og hægt er.

Í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ segir í gr. 9.2. að öllu skólpi sem veitt er til sjávar skuli veita minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metrum út fyrir meðalstórstraumsfjörumörk.

HNE bendir hinsvegar á ákvæði í gr. 9.7. þar sem segir að ef ómögulegt reynist vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla ákvæði 2. mgr. sé heimilt að leggja til aðrar lausnir sem viðkomandi heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi.

HNE telur að þær landfræðilegu aðstæður sem um getur í gr. 9.7 séu til þarna til staðar og telur því ásættanlegt að mengunarvarnir fyrirtækisins verði með þeim hætti sem þegar hefur verið lýst.

Virðingarfyllt

Þorkell Björnsson
heilbrigðisfulltrúi

Fylgiskjal 3. Áhættumat og viðbragsáætlun

Olía

Ljósavél er með 50 lítra olíutanki og ef óhapp á sér stað þá rennur hún í niðurfall með fitugildru. Ef óhapp á sér stað verður það tilkynnt Umhverfisstofnun.

Formalín

Keypt er inn 200 lítra tunnum af formalín. Að hámarki er í stöðinni hverju sinni ein full tunna og önnur átekinn. Ef formalín lekur úr tunnum rennur í 400 lítra fiskikar. Viðbragsáætlun sú að kalla á Sökkulið Húsavíkur og fá mann í eiturefnagalla. Ef óhapp á sér stað verður það tilkynnt Umhverfisstofnun.

Hreinsiefni

Sápu- og sótthreinsiefni eru keypt í 1-4 lítra brúsum sem geymd er í hillu. Undir hillunni er gildra sem tekur við leka úr brúsum.

